

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

**Nr. 62**

7. árgangur

23.12.2000

## **I EES-STOFNANIR**

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## **II EFTA-STOFNANIR**

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## **III EB-STOFNANIR**

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

**2000/EES/62/01**

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.2166 – CSC Ploenzke/Dachser/eCHAIN Logistics) ..... 1

3. Dómstóllinn

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja 2000/EES/62/01 (Mál nr. COMP/M.2166 – CSC Ploenzke/Dachser/eCHAIN Logistics)

#### Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. desember 2000 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97<sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækin CSC Ploenzke AG (Ploenzke), sem er undir stjórn Computer Sciences Corporation (CSC), og Dachser GmbH & Co KG (Dachser) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu eCHAIN Logistics AG (eCHAIN) með kaupum á hlutabréfum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Ploenzke: upplýsingatækniþjónusta og -ráðgjöf,
  - Dachser: birgðastýring,
  - eCHAIN: upplýsingatækniþjónusta á sviði birgðastýringar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar, um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(3)</sup>, er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 371, 23.12.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.2166 – CSC Ploenzke/Dachser/eCHAIN Logistics, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.